

Nr. 27.
26. okt.

Lög

um

breytingu á 1. gr. laga nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun
prestakalla.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danimerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í staðinn fyrir tölul. IX, 47 í 1. gr. laga nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla
komi:
Staðarhraun: Staðarhrauns- og Akrasóknir.

2. gr.

Í staðinn fyrir tölulíð X, 48 og 49 í 1. gr. sömu laga komi þrír líðir:
Miklaholt: Miklaholts-, Rauðamels- og Kolbeinsstaðasóknir.
Staðastaður: Staðastaðar-, Búða- og Hellnasóknir.
Nesþing: Ólafsvíkur-, Fróðár- og Ingjaldshólssóknir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 26. október 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.